

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. mars 2008 í máli nr. E-83/2007:

Valdimar Gunnarsson

Jón Steinar Gunnarsson

(Karl Axelsson hrl.)

gegn

Vegagerðinni

(Reynir Karlsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 29. febrúar 2008, var þingfest 9. janúar 2007. Stefnendur eru Valdimar Gunnarsson og Jón Gunnarsson, báðir til heimilis að Fremri Kotum, Varmahlíð. Stefndi er Vegagerðin, Borgartúni 5 og 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum kröfu að fjárhæð 1.155.000 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. í III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 24. maí 2006 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá er gerð krafa um málskostnað.

Aðalmeðferð í málinu átti að fara fram 17. október 2007, en ákveðið var að fresta henni og bíða dóms Hæstaréttar í máli nr. 644/2006, sem var kveðinn upp 21. febrúar 2008. Aðalmeðferð fór svo fram hinn 29. s.m.

I.

Með bréfi 7. apríl 2006 fór stefndi þess á leit við matsnefnd eignarnámsbóta að metnar yrðu bætur vegna framkvæmda við vegagerð í landi jarðanna Fremri- og Ytri-Kota og Borgargerðis, Akrahreppi í Norðurárdal í Skagafirði. Andlag eignarnáms var tilgreint þannig að um væri að ræða 40 m breitt vegsvæði hringveggar og jarðefni til vegagerðar. Nánar tiltekið væri um að ræða 6,9 ha land undir vegsvæði í landi Fremra-Kots og 10 ha í landi Ytra-Kots, alls 16,9 ha.

Matsnefnd eignarnámsbóta kvað upp úrskurð 24. maí 2006, í málinu nr. 5/2006. Í niðurstöðu nefndarinnar er vísað til þess að samkvæmt 33. gr. vegalaga nr. 45/1994 þurfi leyfi stefnda til mannvirkjagerðar á 30 metra kafla frá miðlínu stofnvega. Með hliðsjón af ákvæðinu taldi nefndin að eignarnáminu yrðu ekki settar þrengri skorður. Engu breytti þótt gert væri ráð fyrir girðingu við veginn 20 m frá miðlínu. Voru bætur til eignarnámsþola miðaðar við 21,84 ha spildu, eða 4,94 ha stærri en stefndi vildi miða við.

Af þessu landi voru 4,2 ha ræktað tún og ákvað nefndin bætur vegna þess 1.260.000 kr. (4,2 x 300.000) og 2.205.000 kr. (17,64 x 125.000) vegna annars lands sem var 17,64 ha. Samtals voru þetta 3.465.000 kr. Auk þess voru stefnendum ákveðnar bætur vegna skerðingar á eignarréttindum, fyrir jarðrask og átroðning meðan á vegalagningunni stæði, og bætur fyrir jarðefni, auk málskostnaðar.

Í tölvuskeyti stefnda 20. júlí 2006 kemur fram að stefndi haldi eftir 1/3 hluta af bótunum að fjárhæð 3.465.000 kr., eða 1.155.000 kr., sem er stefnufjárhæð málsins, meðan farið yrði í gegnum atriði er varði afsal. Stefndi kvaðst ætla að senda tillögu að afsali.

Lögmaður stefnenda svaraði sama dag á þá leið að eðlilegt væri að afsal tæki til þess lands sem stefndi þurfi beinlínis og útiloki afnot af, eða 16,9 ha.

Með tölvuskeyti lögmanns stefnenda 16. desember 2006 var bent á að það ætti eftir að greiða eftirstöðva bóta, en mál hafi skipast þannig að stefnendur væru ekki reiðubúnir til að skrifa upp á afsal vegna lands sem færi undir vegstæði þar sem stefnda dugi sem endranær þær heimildir sem felist í eignarnáminu og úrskurði um bætur.

Þar sem engin viðbrögð bárust frá stefnda við tölvuskeytinu frá 16. desember 2006 ákváðu stefnendur að höfða mál þetta.

II.

Í stefnu er vísað til þess að krafa stefnenda nemi ógreiddum eftirstöðvum samkvæmt úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta í máli nr. 5/2006, en stefndi hafi verið úrskurðaður til þess að greiða stefnendum alls 10.403.407 kr. Stefndi hafi greitt 9.248.407 kr. í júlí sl. en haldið eftir þeirri fjárhæð sem nemur dómkröfunni. Hafi sú afstaða byggst á því að stefnendum bæri að gefa út afsal til stefnda vegna þess lands sem eignarnumið sé í vegstæði. Stefndi hafi upplýst um þessa afstöðu sína í tölvuskeytum í aðdraganda þess að hann innti umrædda greiðslu af hendi, en þá boðað greiðslu eftirstöðva bráðlega og ætlað að gera tillögu um afsal vegna þessa. Síðan hafi ekkert heyrst af afdrifum málsins og eftirstöðvarnar enn ógreiddar.

Stefnendur telja að krafa stefnda um afsal, sem forsendur fyrir uppgjöri á úrskurðuðum bótum, fái ekki staðist enda verði slíkur áskilnaður hvorki leiddur af lögum, sbr. einkum fyrir máli vegalaga nr. 45/1994, með síðari breytingum, né laganna um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973, né fyrirvaralausri niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta í máli nr. 5/2006. Hafi stefnendur innt stefnda eftir lyktum málsins í tölvuskeyti 16. desember 2007 án þess að nokkur viðbrögð hafi

borist og stefnendur því nauðbeygðir til þess að innheimta kröfuna fyrir milligöngu dómstóla.

III.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi í fyrsta lagi við það að í matsbeiðni 7. apríl 2006 til matsnefndar eignarnámsbóta sé gerð krafa um að eignarnámið nái aðeins til 16,9 hektara lands. Matsefndin bæti hins vegar við 4,94 hekturum með vísan til 33. gr. vegalaga nr. 45/1994 þannig að niðurstaða hennar verði sú að stefnda beri að greiða bætur fyrir 21,84 hektara lands undir vegstæði. Þetta telur stefndi óásættanlegt.

Byggir stefndi á því að matsnefndinni sé ekki heimilt að fara út fyrir kröfur aðila nema í þeim tilvikum þegar eignarnema hafi láðst að tilgreina eignarnumda eign í matsbeiðni eða þegar 12. gr. laga 11/1973 um framkvæmd eignarnáms heimili það. Í ákvæðinu segi að „skerðist fasteign með þeim hætti við eignarnám, að sá hluti hennar sem eftir er, verði ekki nýttur á eðlilegan hátt sem sjálfstæð eign, geti matsnefnd ákveðið að kröfu eiganda, að eignarnámið skuli ná til eignarinnar allrar.“

Stefndi telur að í 12. gr. laga nr. 11/1973 sé tæmandi talið við hvaða kringumstæður matsnefndin geti metið eign sem ekki sé andlag mats samkvæmt beiðni, enda hafi ekki augljóslega láðst að geta um eign sem eignarnám beinist að í matsbeiðni. Í greinargerð með frumvarpi að lögunum komi fram að 12. gr. taki til þess þegar sá hluti eignarinnar sem eftir standi, verði svo lítill eða að öðru leyti ólánlegur, að eigandi hans hafi litla sem enga hagsmuni af að halda honum eða hann verði honum jafnvel til fjárhagslegrar byrði, þá sé ekki óeðlilegt að eignarnemi verði skyldaður til að taka við eigninni allri, ef krafa kemur fram um það af hálfu eiganda, enda yrði oftast um óverulega hækkun eignarnámsbóta af þeim sökum að ræða. Þá komi fram í greinargerð með 12. gr. frumvarpsins að þegar hluti eignar sé tekinn eignarnámi geti orðið tjón sem sé fólgið í verðmætisrýrnun á þeim hlutanum sem eftir standi. Byggir stefndi á því að gagnálykta megi frá 12. gr. laganna á þá leið að matsnefndin geti ekki við aðrar kringumstæður en þeim sem greinin taki til metið eign sem ekki er matsandlag samkvæmt matsbeiðni nema að ótvírætt sé að stjórnarskrárvarin eignarréttindi séu tekin eignarnámi en þeirra sé ekki getið í matsbeiðni.

Stefndi kveðst með engu móti geta fallist á að í 33. gr. vegalaga nr. 45/1994 felist að stefnda sé skylt að taka eignarnámi 30 metra frá miðlínu vegar eða 60 metra samtals, þegar í matsbeiðni sé aðeins krafist eignarnáms fyrir 20 metrum frá miðlínu eða 40 metrum samtals. Landið nýtist landeiganda áfram þrátt fyrir vegstæðið, m.a. til beitar. Samkvæmt 33. gr. þurfi hins vegar landeigandi leyfi stefnda til þess að setja niður byggingar, mannvirki eða leiðslur nær miðlínu stofnvega en 30 metra. Telur stefndi að ákvæði 33. gr. fari alveg saman við t.d. 2. gr. auðlindalaganna nr. 57/1998 þar sem fram komi að eigandi lands fari með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segi til um á hverjum tíma. Landeigandi (stefnandi) geti áfram nýtt þetta land en með þessum takmörkunum. Þessar reglur séu ekkert öðru vísi en aðrar reglur sem fjalli um staðsetningu mannvirkja t.d. frá lóðarmörkum, fjarlægð frá leiðslum o.s.frv. Oft séu

öryggissjónarmið að baki slíkum reglum.

Stefndi telur 33. gr. vegalaga nr. 45/1994 ekki fela í sér slíka kvöð á landi að jafna megi til eignarnáms, frekar en t.d. ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og ýmissa annarra laga er áskilji leyfi opinbers aðila til mannvirkjagerðar. Þannig sé óheimilt samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingalaga að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því, burðarkerfi þess, formi, svípmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Um sé að ræða almenna kvöð sem hvíli á öllum sambærilegum eignum með sama hætti og lögð séu á vegna almannahagsmuna. Stefndi vísar einnig til þess að ekki sé sjálfgefið að synjað yrði í öllum tilvikum um leyfi samkvæmt 33. gr. vegalaga. Þannig sé ekki heimilt fyrir fram að slá því föstu að land sem kvöðin hvíli á nýtist ekki til neins konar mannvirkjagerðar vegna þessa ákvæðis.

Þá telur stefndi að líta verði til þess, við mat á stærð hins eignarnumda svæðis, að veggirðing sé með fram hluta vegarins á hinu umdeilda svæði, þar sem vegstæðið sé aðeins 25 metra breitt en ekki 40 metra eins og krafa hafi verið um að eignarnámið taki til samkvæmt matsbeiðni. Þannig hafi vegurinn mun minni áhrif á aðliggjandi land en ella. Vísast m.a. um þetta til samkomulags aðila.

Einnig byggir stefndi á því að jafnvel þótt niðurstaða dómsins yrði sú að matsnefndinni hafi verið heimilt að fara út fyrir kröfur stefnda í matsbeiðni þá hafi það ekki átt við í þessu tilviki. Um sé að ræða nýjan veg við hliðina á vegi sem verið hafi þarna í áratugi. Núverandi vegur verði nýttur þarna sem reið- og rekstrarleið. Stefndi hyggist ekki nýta hann á neinn hátt og því sé hann honum óviðkomandi. Helgunarsvæði hafi fylgt gamla veginum og því sé það aðeins nýi vegurinn sjálfur sem komi til skoðunar. Ekki verði til neitt nýtt helgunarsvæði þar sem gamla veginum hafi fylgt helgunarsvæði samkvæmt 33. gr. vegalaga. Í íslenskum rétti séu áratuga fordæmi um að draga frá eignarnumdu landi flatarmál gamalla vega sem verði landeiganda til afnota á ný vegna nýrrar vegalagningar, sbr. dómur Hæstaréttar frá 1980, bls. 920, hrd. í málinu nr. 349/2004 og hrd. í málinu nr. 18/1995. Í þessu sambandi vísar stefndi einnig til 2. mgr. 47. gr. vegalaga nr. 45/1994 þar sem gert sé ráð fyrir því að eldri vegur sem leggist af við nýja vegalagningu og falli til landeiganda, skuli sérstaklega metinn og sú fjárhæð sem þannig fáist dregin frá þeirri fjárhæð sem landeiganda beri fyrir hinn nýja veg. Grunnrökin að baki þessu ákvæði séu þau að landeigandi eigi ekki að fá bætur vegna þeirra vega sem fyrir séu í landi hans. Þetta ákvæði verði að skilja þannig að gömlum vegum fylgi veghelgunarsvæði þeirra. Þó stefndi geri ekki kröfu um að flatarmál gamla vegarins verði dregið frá nýja veginum, vegna samkomulags þess efnis við stefnendur og viðkomandi sveitarstjórn, þá geri hann hins vegar kröfu til þess að tekið verði tillit til veghelgunarsvæðis gamla vegarins. Þá byggir stefndi á að land með fram veginum verður áfram nýtanlegt sem beutiland eða til annarra nota hér eftir sem hingað til.

Stefndi byggir á því að ekki liggi fyrir hvernig hið gamla vegstæði, og þar með veghelgunarstæðið allt, kom til eða hvaða samningar lágu því til grundvallar. Telur stefndi að a.m.k. fullnuð afnotahefð sé komin á þau not, sbr. 7. gr. hefðalaga nr. 46/1905 enda hefði gamli vegurinn legið um landið í marga áratugi en afnotahefð teljist fullnuð að liðnum 20 árum enda séu önnur skilyrði uppfyllt. Þá hljóti meint krafa stefnenda að vera niður fallinn fyrir tómlæti en þeir hafi ekki svo

vitað sé gert athugasemdir við gamla veginn eða veghelgunarsvæði hans. Vísast í þessu sambandi til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 18/1995 þar sem ekkert hafi legið fyrir um það hvort landeigandi krafðist bóta þegar gamall vegur var lagður eða hvort hann hafði látið land undir hann án endurgjalds.

Með vísan til framanritaðs telur stefndi engin haldbær rök fyrir því að taka stærra land undir eignarnám en hann geri kröfu um í eignarnámsbeiðni sinni, eða 16,9 hektara. Því beri að hafna kröfu stefnenda um að miða við að eignarnámið taki til 21,84 hektara lands undir vegstæði. Það leiði til þess að sýkna beri stefnda.

Málskostnaðarkröfu sína styður stefndi við 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varðandi málsástæður og lagarök að öðru leyti vísar stefndi til matsbeiðni sinnar og greinargerðar til matsnefndar eignarnámsbóta.

IV.

Í máli þessu er deilt um það hvort matsnefnd eignarnámsbóta hafi verið heimilt að meta bætur vegna eignarnáms fyrir stærra landvæði en stefndi tiltók í matsbeiðni sinni til nefndarinnar. Nánar tiltekið er ágreiningur um það hvort miða eigi bætur við stærra land en stefndi krefst eignarnáms á. Stefndi telur að miða eigi við 16,9 ha lands undir vegarstæði, þ.e. 20 metra frá miðlínu vegar, en ekki 21,84 ha, sem miðast við 30 metra frá miðlínu, líkt og stefnendur héldu fram og matsnefndin féllst á í úrskurði sínum. Eins og fram kemur í málaltilbúnaði stefnda gerðu aðilar samkomulag um að flatarmál gamla vegarins yrði ekki dregið frá nýja veginum og getur eldri vegur því ekki haft áhrif á ákvörðun bóta í máli þessu.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms, sker matsnefnd eignarnámsbóta úr ágreiningi um eignarnámsbætur og annað endurgjald, sem ákveða á samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnámsbóta. Í ákvæðinu felst að nefndin er ekki bundin við kröfugerð aðila og gat hún því af þeirri ástæðu farið út fyrir kröfu stefnda um stærð landsins.

Hvað varðar stærð landsvæðis, sem greiða skal eignarnámsbætur fyrir, hélt lögmaður stefnenda því fram við aðalmeðferð málsins að í 33. og 36. gr. þágildandi vegalaga nr. 45/1994, nú lög nr. 80/2007, felist nær altæk skerðing á eignarrétti stefnenda sem jafnað yrði til eignarnáms. Telja stefnendur að af ákvæðunum leiði að miða eigi eignarnámsbætur við 60 metra breitt vegarstæði (21,84 ha), en ekki 40 metra (16,9 ha), eins og stefndi gerir í málinu.

Jafnframt var á því byggt að með því að stefndi miði við 40 metra vegarstæði, en ekki 60 metra, væri brotið gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, jafnræðisreglu 11. gr. stjórnarsýslulaga og almennri jafnræðisreglu. Var í því sambandi vísað til þess að í máli vegna bóta fyrir vegaframkvæmdir í landi Syðri-Fjarðar í Hornafirði, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 644/2006, og samkomulagi sem gert var um bætur í landi Skálavíkur Innri, Súðavíkurhreppi, hafi verið miðað við 60 metra vegarstæði, þ.e. 30 metra frá miðlínu.

Lögmaður stefnda mótmælti þessum málsástæðum sem of seint fram komnum, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ekki verður fallist á með stefnda að um sé að ræða málsástæður sem ekki komist að í málinu þar sem ekki var tilefni til þeirra fyrr en varnir stefnda komu fram undir rekstri málsins.

Stefnendur hafa fengið greiddar bætur vegna lagningu nýs vegar sem miðast við 40 metra breitt vegarstæði. Vegna vegarins má ekki staðsetja mannvirki eða grafa framræsluskurði nær veginum en 30 metra frá miðlínu hans, sbr. 33. og 36. gr. vegalaga. Hagnýting eignar sætir því takmörkum og er eignarréttur þannig skertur. Hins vegar er ekki um sviptingu eignarráða að ræða og geta stefnendur nýtt landsvæðið að öðru leyti. Reynir hér á mörkin milli eignarnáms og eignartakmarkana. Líta verður til þess að í vegalögum er ekki mælt fyrir um neinar bætur fyrir þessar takmarkanir. Er hér um almennar kvaðir að ræða sem hvíla á öllum landeigendum. Enn fremur verður að horfa til þess að landsvæðið er ekki líklegt byggingarland. Að öllu þessu virtu er ekki fallist á að stefnendur eigi rétt til bóta vegna þeirra kvaða sem leiða af 33. og 36. gr. vegalaga.

Kemur þá til álita hvort jafnræðisregla skuli leiða til þess að miða verði bætur við 60 metra vegarstæði. Við aðalmeðferð málsins sagði lögmaður stefnda að það fari eftir staðhættum hversu mikið svæði þurfi undir veg. Þannig þurfi minna svæði þegar um flatlendi er að ræða en ef vegur þurfi að vera hærri sé þörf á breiðara svæði. Þá sagði hann að það hafi tíðkast í framkvæmd að miða við 40 metra. Stefnendur hafa eins og áður segir vísað til tveggja mála, þar sem bætur voru miðaðar við 60 metra, til stuðnings því að jafnræðisregla hafi verið brotin. Er ekki unnt að fallast á með stefnendum að þessi mál leiði til þess að jafnræðisregla hafi verið brotin, enda ekki sýnt fram á að aðstæður við veglagningu í málum jarðarinnar Syðri-Fjarðar og Skálavík Innri séu sambærilegar og hér.

Samkvæmt öllu framansögðu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnenda. Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Af hálfu stefnenda flutti málið Guðjón Ármannsson hdl. og af hálfu stefnda Reynir Karlsson hrl.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir, settur héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vegagerðin, er sýkn af kröfum stefnenda, Valdimars Gunnarssonar og Jóns Steinars Gunnarssonar.

Sandra Baldvinsdóttir

